



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 30. júní 2008

Ákvörðun nr. 41/2008

## **Meint brot Global Refund á Íslandi ehf. á 11. gr. samkeppnislaga**

### **I.**

#### **Málavextir**

Samkeppniseftirlitinu barst í bréfi, dags. 2. apríl 2008, kvörtun frá Tax Free á Íslandi ehf. (hér eftir Tax Free) yfir meintri misnotkun Global Refund á Íslandi ehf. (hér eftir Global) á markaðsráðandi stöðu sinni skv. 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Í erindinu er vísað til þess að Tax Free hafi tvisvar áður kvartað yfir háttsemi Global, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 8/2003 *Erindi Refund á Íslandi ehf. vegna misnotkunar Global Refund á Íslandi ehf. á markaðsráðandi stöðu sinni og óréttmætra viðskiptahátta* og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 41/2006 *Erind Tax Free á Íslandi ehf. vegna Global Refund á Íslandi ehf.* Í þessum kvörtunum hafi verið bent á að Global væri styrkt af móðurfélagi þess, Global Refund Holding AB, í Svíþjóð. Þeir styrkir hafi veitt Global efnahagslegan styrkleika til að starfa „án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda“ í skilningi 4. tl. 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga.

Vísað er í fyrri ákvarðanir samkeppnisyfirvalda um að þjónustumarkaðurinn sé skilgreindur sem þjónusta sem felst í endurgreiðslu virðisaukaskatts til ferðamanna sem eru búsettir erlendis og að landfræðilegi markaðurinn sé Ísland.

Í erindinu er rakið að tap Global rekstrarárið 1. apríl 2005 til 31. mars 2006 hafi samkvæmt ársreikningi félagsins verið um 50 m.kr. og að heildartap Global á árunum 2002 til 2005 hafi numið samtals um 201 m.kr. Samkvæmt ársreikningi verði ekki betur séð en að móðurfélagið fjármagni taprekstur félagsins á Íslandi. Því sé fullljóst að Global starfi á skilgreindum markaði án tillits til rekstrarafkomu og sé fyrirtækið ráðandi á markaðnum í skilningi 4. tl. 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga. Þá er bent á að skv. 11. gr. samkeppnislaga séu undirboð markaðsráðandi fyrirtækis ólöglegt. Tax Free telur að Global hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína um langt skeið með undirboðum í viðskiptum við ýmis fyrirtæki. Eru í því sambandi rakin tvö tilvik sem kvartandi telur sýna fram á misnotkun Global á markaðsráðandi stöðu sinni.

Í lokin er þess óskað að Samkeppniseftirlitið rannsaki hvort umrædd háttsemi Global feli í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu og brot á 11. gr.



samkeppnislaga. Verði niðurstaðan sú er þess krafist að sektum verði beitt skv. 52. gr. samkeppnislaga.

Í framhaldi af þessu erindi óskaði Samkeppniseftirlitið eftir ársreikningum Global og Tax Free vegna síðustu rekstrarára og eftir athugasemdum Global við erindið ef einhverjar væru. Einnig var óskað eftir upplýsingum frá Ríkisskattstjóra um endurgreiðslu virðisaukaskatts til ferðamanna til hvors félags fyrir sig á árunum 2006 og 2007. Umbeðnar upplýsingar og gögn bárust frá öllum aðilum.

Í bréfi til Samkeppniseftirlitsins, dags. 13. maí 2008, bárust athugasemdir Global við erindi Tax Free. Þar er þess krafist að kvörtun Tax free verði vísað frá í heild sinni með þeim rökum að félagið sé ekki með markaðsráðandi stöðu og er í því sambandi vísað í niðurstöðu samkeppnisyfirvalda í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 8/2003 *Erindi Refund á Íslandi ehf. vegna misnotkunar Global Refund á Íslandi ehf. á markaðsráðandi stöðu sinni og óréttmætra viðskiptahátta* og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 41/2006 *Erind Tax Free á Íslandi ehf. vegna Global Refund á Íslandi ehf.* Fullyrt er einnig að markaðshlutdeild félagsins hafi ekki aukist frá því sem fram kemur í umræddum ákvörðunum, heldur þvert á móti hafi hún minnkað. Hugsanlegur fjárstuðningur móðurfélagsins hafi þar af leiðandi engin áhrif haft á markaðnum. Félagið sé ekki markaðsráðandi og geti því ekki hafa brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga með ólögumætu undirboði eða með öðrum hætti.

## **II. Niðurstaða**

### **1.**

Í máli þessu er til skoðunar hvort Global, sem er annað tveggja fyrirtækja, og annast endurgreiðslu virðisaukaskatts á Íslandi til ferðamanna sem eru búsettir erlendis, sé með markaðsráðandi stöðu og hafi með háttsemi sinni brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Samkeppniseftirlitið er sammála aðilum um að markaður þessa máls sé þjónusta sem felst í endurgreiðslu virðisaukaskatts til ferðamanna sem eru búsettir erlendis og að landfræðilegi markaðurinn sé Ísland.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 41/2006 *Erind Tax Free á Íslandi ehf. vegna Global Refund á Íslandi ehf.* var komist að þeirri niðurstöðu að á árunum 2003 til 2005 hafi markaðshlutdeild Global á skilgreindum markaði verið 35-40% og Tax Free á bilinu 60-65%. Á grundvelli þessa var talið að Global væri ekki með markaðsráðandi stöðu á umræddum markaði.

Gögn sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað vegna áranna 2006 og 2007 leiða í ljós að markaðshlutdeild félaganna á þeim árum hafi verið áþekkt og fyrri ár þ.e. Tax Free með 60-65% en Global með 35-40% þó þannig að Global hafi frekar misst markaðshlutdeild síðustu tvö árin eins og sjá má í töflu 1.



Tafla 1: Markaðshlutdeild í endurgreiðslu virðisaukaskatts árin 2003 til 2007<sup>1</sup>

Í þús. kr.<sup>2</sup>

Ár	Global	Tax Free	Alls	Global	Tax Free
2003	[...]	[...]	[...]	[35-40]%	[60-65]%
2004	[...]	[...]	[...]	[35-40]%	[60-65]%
2005	[...]	[...]	[...]	[35-40]%	[60-65]%
2006	[...]	[...]	[...]	[35-40]%	[60-65]%
2007	[...]	[...]	[...]	[35-40]%	[60-65]%

Af framangreindum upplýsingum má ráða að fjárhagsleg tengsl Global við móðurfélagið hafa ekki nýst félaginu til þess að auka markaðshlutdeild sína á umræddum markaði. Markaðshlutdeild Global hefur heldur farið minnkandi á þessu árabili sem gefur til kynna að félagið hafi ekki verið í aðstöðu til að hindra samkeppni á markaðnum. Að öðru leyti er um stöðu Global Refund á markaðnum vísað til forsendna ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 41/2006 *Erind Tax Free á Íslandi ehf. vegna Global Refund á Íslandi ehf.*

Að öllu framansögðu virtu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Global hafi ekki markaðsráðandi stöðu á Íslandi á markaði fyrir endurgreiðslu virðisaukaskatts til ferðamanna sem eru búsettir erlendis. Af þessum ástæðum telur Samkeppniseftirlitið ekki koma til álita að Global Refund á Íslandi ehf. hafi brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og því sé ekki þörf á frekari rannsókn í þessu máli. Samkeppniseftirlitið vill þó árétta að málefni fyrirtækisins kunna að koma síðar til frekari skoðunar, takist félaginu í krafti fjárhagslegra tengsla við móðurfélag sitt að styrkja stöðu sína á markaðnum.

#### Ákvörðunarorð:

**„Ekki er talin ástæða til að aðhafast frekar í þessu máli.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

<sup>1</sup> Upplýsingar frá Ríkisskattstjóra um endurgreiðslu virðisaukaskatts til ferðamanna sem eru búsettir erlendis.

<sup>2</sup> [...] Fellt út vegna trúnaðar.

